

# STJÓRNARTÍÐINDI A 11 — 1982

---

Nr. 16.

22

30. apríl 1982.

## LÖG

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 31 22. maí 1980.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsgr. 73. gr. laganna orðist svo:

Nú hefur viðurkennt váttryggingarfélag, sbr. 70. gr., greitt bætur samkvæmt framan- greindu, og skal þá sá, sem fébótaábyrgð ber á tjóni samkvæmt 69. gr., endurgreiða váttryggingarfélaginu fjárhæð, sem dómsmálaráðherra ákveður með auglýsingu, að fengnum tillögum tryggingaæftirlitsins, ef tjónið nemur þeirri fjárhæð, en ella að fullu. Fjárhæð þessi má þó aldrei vera hærri en 1,25% af lögboðinni váttryggingarfjárhæð ökutækis. Endurkröfurétti þessum fylgir lögveð í ökutækinu á sama hátt og greinir í 4. mgr. 69. gr., þó þannig að veðband það, er þar greinir, gangi fyrir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1982.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Friðjón Þórðarson.*